



# Skólastjóri

## Óskast í Þingeyjarsveit

Í Þingeyjarsveit eru reknir tveir grunnskólar, Stórutjarnaskóli og Þingeyjarskóli. Þeir eru samreknir leik- grunn- og tónlistarskólar og starfa samkvæmt lögum um leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.

Stórutjarnaskóli er samfélag um 60 nemenda og starfsmanna, þar sem lögð er áhersla á markvisst skólastarf, skapandi og sveigjanlegt nám þar sem velferð og þroski nemenda er höfð í fyrirrúmi. Stórutjarnaskóli er heilsueflandi og umhverfsvænn skóli og starfar undir merki Grænfánans. Hann er staðsettur í Ljósavatnsskarði við Ljósavatn þar sem umhverfið er ægifagurt og spennandi til útivistar.

Öflug tengsl eru við umhverfi og grenndarsamfélag og sérstaða nánasta umhverfis eru nýtt til kennslu.

Leitað er eftir metnaðarfullum, framsæknum einstaklingi sem hefur góða þekkingu á skólastarfi og er tilbúinn að leiða skapandi skólastarf og virkja þátttöku skólans í samfélagslegum nýsköpunarverkefnum í anda sjálfbærrar þróunar.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar, færni í samskiptum.
- Leyfisbréf kennara og kennslureynsla.
- Hæfni og reynsla á sviði stjórnunar, stefnumótunar, áætlanagerðar og þróunar skólastarfs æskileg.
- Áhugi á skólapróun og framsæknu skólastarfi er skilyrði.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða menntunarfræða er kostur.

### Meginverkefni og ábyrgð

- Leiða starf í framsæknu skólasamfélagi sem nýtir styrkleika sem felast í fjölbreyttri náttúru og sterku samfélagi
- Leiða samstarf innan skólasamfélagsins
- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs í samræmi við skólastefnu Þingeyjarsveitar, aðalnámskrá grunnskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans

**Umsóknarfrestur er til og með 10. maí nk.**

**Nánari upplýsingar á vefnum [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is)**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Þingeyjarsveitar. Sveitarfélagið er reiðubúið til að aðstoða við búslóðaflutning og að útvega húsnæði í sveitarfélaginu samkvæmt nánara samkomulagi. Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2021.

Umsóknum skal skila á netfangið [dagbjort@thingeyjarsveit.is](mailto:dagbjort@thingeyjarsveit.is) merkt „Skólastjóri Stórutjarnaskóla“

Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá, nöfn tveggja umsagnaraðila og stutt kynning á umsækjanda, ásamt sýn á það hvernig starfsemi Stórutjarnaskóla mun þróast á næstu árum.

Nánari upplýsingar veitir Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri í síma 862 0025, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á [dagbjort@thingeyjarsveit.is](mailto:dagbjort@thingeyjarsveit.is)